



Grænfánaverkefni, febrúar 2025

Uppruni ávaxta og ávaxtasmakk

Markmið:

Að börnin kynnist heimskortinu, heimsálfunum og læri hvaðan valdir ávextir koma. Einnig kynnast þau útlitinu og bragðinu af þessum ávöxtum.

Efnivið:

- Heimskort
- Myndir af ávöxtum og nöfn þeirra landa sem þessir ávextir koma frá eða mest uppskeran er ræktuð
- Valdir ávextir: epli, banani, appelsína, mangó, ananas, papaya og ástaraldin

Undirbúningur:

Verkefnið tengist mánaðarþemu Skýjaborgar í febrúar sem var „Ávextir og grænmeti“. Ákveðið var að nýta eina viku í þessu mánuði til að kenna börnum um uppruna ávaxta. Hugmyndin var að velja og kaupa ávextir sem börnin þekkja ásamt framandi ávöxtum sem börnin þekkja kannski ekki. Þannig að epli, banani og appelsína, sem börnin borða oft í leikskólanum, og mangó og ananas sem þau hafa mögulega smakkað einhvern tímann, ásamt papaya og ástaraldin sem þau þekkja líklega ekki. Það var einnig undirbúið myndir af þessum ávöxtum með nöfn þeirra landa sem þeir koma frá og nöfn þeirra landa þar sem mesta uppskeran af þessum ávöxtum er ræktuð.


Framkvæmd:

Í upphafi verkefnis var sýnt börnunum kort af heiminum, nöfn heimsálfa og staðsetningu Íslands.



Síðan var sagt börnum að heimskortið verður notað til að merkja á það hvaðan ávextirnir komu. Alla daga vikunnar fengu börnin að kynnst útliti og bragði á tveimur ávöxtum og lærðu frá hvaða löndum og heimsálfum þessir ávextir koma og hvar mesta uppskera þeirra er.





Niðurstöður:

Það kom í ljós að uppruni og uppskera ávaxtanna er oftast á suðrænum



svæðum (nálægt hitabeltinu).

Hvers vegna koma ávextir ekki frá norrænum löndum eins og til dæmis Íslandi? Á norðursvæðum jarðar er ekki nógu hátt hitastig og mikið sólarljós sem ávextir þurfa til að þroskast. Við lærðum að í norrænum löndum séu sumir ávextir ræktaðir í gróðurhúsum þar sem hitaskilyrði eru svipuð og á suðrænum svæðum.

Þar að auki höfðu valdir ávextir mismunandi lögun, liti og bragð. Sumir voru harðir, sumir voru mjúkir. Sumt var súrt og annað sætt eða með "skrýtið" bragð. Flestir þessara ávaxta hafa fræ. Það reyndist áhugavert að ananas vex ekki á tré heldur úr jörðinni og hann fjölgar sér ekki með fræjum heldur er toppurinn skorið af honum, og gróðursetur aftur.

Agnieszka Aurelia Korpak, verkefnastjóri